

Hulda Kristjánsdóttir

From: Olafur Sigurðsson <olafur@360hotel.is>
Sent: föstudagur, 21. júlí 2023 10:01
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: rafmagnsleysi sem veldur miklum vanda

Sæl, nú í morgunn lentum við einu sinni ennþá í að þurfa að segja gestum okkar lúxus hótels að þeir geti ekki notað klósett, farið í sturtu eða fengið sér kaffi með morgunmatnum. Allt vegna rafmagnsleysis hjá Rarik. Ekki í fyrsta sinn sem þetta gerist. Afleiðingin er að gestir fara inná vefinn og segja frá að það sé ekki hægt að nota klósett á lúxus hótelinu. Þið getið gert ykkur grein fyrir því hvernig þetta mun fara með orðsporið. Nú bið ég ykkur að taka þetta mál fyrir að næsta fundi, hvað hægt er að gera. Ég legg til að annað hvort leggið þið út fyrir dísilrafstöð við dæluskúrinn eða að Rarik fjármagni hana. Þetta þarf að gera sem fyrst til að koma í veg fyrir þetta vatnsleysi í framtíðinni. Á þeim vinnustöðum þar sem rafmagn má ekki detta út verður að setja upp dísilrafstöðvar. Rarik ræður ekki við hlutverk sitt að tryggja rafmagn til þeirra staða sem meiga ekki detta út og því þarf að gera þetta.

Take care and stay healthy,

Olafur Sigurdsson, Finance & Marketing 360° Boutique Hotel & Thermal Baths
Mosató 3, 801 Selfoss, Iceland
W: (354) 562 2900 - M: (354) 783 2900
Homepage: <https://360hotel.is/>

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

